

## Uppkast 1

Reglur um heimgreiðslur 12 – 18 mánaða.

Greiðslurnar eru fyrir börn á aldrinum 12-18 mánaða sem hafa ekki fengið úthlutað leikskólaplássi. Ísafjarðarbær miðar við og leggur áherslu á að öll 18 mánaða börn fái úthlutað leikskólaplássi. Undantekning á reglu um heimgreiðslur geta komið til ef ekki er laust pláss á leiksskólum í sveitarfélaginu eftir 18 mánaða aldur barns. Greiðslur falla niður um leið og barn hefur leikskólagöngu eða hafnar leikskólaplássi.

Einstæðir foreldrar eiga rétt á heimgreiðslu þegar barnið nær 9.mánaða aldri.

Upphæð heimgreiðslu er 55.350.- Tekið er mið af niðurgreiðslu dagforeldra í heimhúsum. Heimgreiðslur fást að hámarki greiddar í 11 mánuði á ári. Í júlí mánuði eru ekki greiddar heimgreiðslur.

Heimgreiðsla er bundin því að barn sé með lögheimili í Ísafjarðarbæ. Við flutning úr sveitarfélaginu falla heimgreiðslur niður frá og með sama degi.

Sækja skal um heimgreiðslur á rafrænn Ísafjörður inni á isafjordur.is. Umsókn er aldrei afturvirk. Heimgreiðslur eru veittar frá næstu mánaðarmótum eftir að sótt er um.

Til að umsókn sé tekin gild þá verður að liggja inni umsókn um dagvistarúrræði fyrir barnið, hjá skóla- og tómsfundasviði Ísafjarðarbæjar.

Verði um ofgreiðslu að ræða á heimgreiðslum áskilur Ísafjarðarbær sér rétt til endurgreiðslu.

Foreldrar sem skulda eldri gjöld hjá Ísafjarðarbæ fá ekki greitt út samþykktar heimgreiðslur fyrr en skuldin er að full greidd við sveitarfélagið.